


Kópavogi 15.05.2026

Goðahraun 3, athugasemdir við umsókn um byggingarleyfi.

Fyrir hönd eigenda fasteignarinnar að Goðahrauni 13, þeirra Erlu Maríu Sigurgeirsdóttur kt. 061282-5569 og Ívars Unnsteinssonar kt. 100882-5749, eru hér með lagðar fram athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Goðahrauni 3. Athugasemd nær einnig til breytinga á lóðinni Goðahrauni 5 þar sem lóðamörkum og staðsetningu byggingarreits er breytt frá fyrra skipulagi og ætti að tilgreina í heiti grenndarkynningar.



Mynd 1,

Myndin sýnir breytingar á lóðamörkum og staðsetningu byggingareita, rauðar línur sýna eldra skipulag.

Við hönnun hússins að Goðahrauni 13 var stuðst við skipulag sem undirrituðum var sent í mars 2023 af þáverandi byggingarfulltrúa Vestmannaeyjabæjar Sigurði Smára Benónýssyni. Gluggasetning og rýmisnýting tóku m. a. mið af staðsetningu byggingareita á lóðunum við Goðahraun 3 og 5.

Samkvæmt gögnum grenndarkynningar, sem byggð eru á hönnun aðalhönnuðarins Sigurðar Smára Benónýssonar, eru byggingareitir lóðanna Goðahrauns 3 og 5 færðir til vesturs, miðað við fyrra skipulag.

Rétt er að taka fram að eigendur Goðahrauns 13 fengu breytingu á byggingarreit til

vesturs. Sú breyting var kynnt í grenndarkynningu þar sem engar athugasemdir bárust. Ein af meginforsendum þeirrar breytingar var að tryggja betra útsýni úr húsinu við Goðahraun 13. Með skipulagsbreytingum samkvæmt þessari grenndarkynningu eru þær hönnunarforsendur að engu gerðar.

Undirritaður fer fram á að hagsmunir eigenda að Goðahrauni 13 verði tryggðir.

Að óheimilt verði að breyta staðsetningu byggingarreita á lóðunum Goðahrauni 3 og Goðahrauni 5, að byggingaframkvæmdir á lóðunum verði innan þeirra reita sem sýndir eru í gögnum frá bæjarfélaginu frá því í mars 2023.

Virðingarfyllt, f.h. eiganda Goðahrauns 13,

Unnsteinn Jónsson kt. 250354-3129